

Hvernig prenta skal flutningsprentun (transfer) með Plastisol lit.

Þegar talað er um flutningsprentun sem prentaðferð, þá er átt við óbeina prentun, þ.e. prentað er fyrst á sérstakan pappír, prentun millipurrkuð og síðan flutt með hitapressu á flíkina. Þetta er því svipuð prentun og þegar prentað er beint á flík, en notuð er hitapressa þar sem prentun fer fram undir þrýstingi.

Framleiðsla prentgripa með flutningsprentun er auðveld, þar sem þurrkun á plastisol litum fer í raun fram í tveim þrepum. Þó að plastisol litir þurfi 130-150°C hita til að setjast til fullnustu og þola léttan þvott, þá er liturinn þurrkaður við þurrkstig 90-120°C snertifrír. Þessi staðreynd gerir kleyft að láta prentlitinn þorna á pappír við frekar lágan hita. Næsta stig í ferlinu er þegar prentunin er flutt af pappírnum yfir á prentgripinn.

Flutningsprentun er hægt að framkvæma á nokkra mismunandi vegu. Hér á eftir verður farið yfir tvær aðal aðferðir Plastisol flutnings prentunar, sem er Cold Peel og Hot Peel. Cold Peel aðferðin er þegar allur prentliturinn, sem er á flutnings pappírnum verður eftir á prentgripnum. Þessi aðferð er nær alsráðandi hérlendis.

Cold Peel flutningsprentun.

Hægt er að nota allar gerðir Plastisol prentlita til að gera Cold Peel. Það liggur þó ljóst fyrir að best er að framkvæma þessa prentun með prentlit, sem þornar við lágt hitastig, verður snertifrír, eins og gerist með bestu tegundum Plastisol prentlita.

Vanda þar val á flutningspappír. Sérstök húð hindrar að liturinn festist á hann. Áferð og gljái prentunarinnar fer eftir magni og gerð valins prentlitar.

Mælt er með að prentnet sé frá 34-62 þ.sm. eða sömu gerðar og notuð er við venjulega prentun með plastisol litum. Einnig vitum við að prentnet með 90 þ.sm. gefa mjög góða raun; línur verða grennri og fínri.

Millipurrkun er best í infra rauðum ofni eða með góðum færibandapurrkara. Reikna með 120°C hita í 30 sek. Hver litur er prentaður og þurrkaður sérstaklega áður en næsta lit er bætt við. Alla prentforma skal prenta í spegilmynd. Fyrsta lag prentlitar verður efsta lag á prentgrip. Að síðustu er mjög gott að sáldra sérstöku límdufti ofan í votan litinn. Það stóreykur viðloðun litar í flík.

Flutningur prentmyndar af pappírnum fer fram með hitapressu, að jafnaði stillt á 170-180°C. Leggið prentgripinn ofan á neðri plötu hitapressunar og flutningsmyndina þar ofan á og snýr myndin niður. Lokið hitapressunni og bíðið í 10-15 sek. Opnið pressuna og takið prentgripinn varlega af plötunni, leggið hann til hliðar og leyfið að kólna. Þegar næg kæling hefur orðið skal fletta pappírnum rólega af prentgripnum og þá situr liturinn eftir.

Með þessari aðferð, Cold Peel flutningi nást myndir sem að jafnaði eru sveigjanlegar og þvottþolnar. Þurfi að strauja þær, skal gera það við lágan hita, varlega á röngunni. Þessi eiginleikar eru nokkuð breytilegir og fer eftir gerð prentlitar og prentaðferð.

Hot Peel flutningsprentun.

Þessi flutningsprentun er lík Cold Peel prentuninni, en þó er prentað á aðra gerð af flutningspappír, sem hefur meiri viðloðun við prentlitinn. Nota verður plastisol prentlit, sem hefur rétta eiginleika til þessarar prentunar. Eftir flutning litar í flutningspressu er pappírnum flett strax af flíkinni, meðan liturinn er enn heitur. Með þessari prentun fæst mýkri áferð prentmyndar á flík.

Prentnet verður að vera með þéttleika 21-43 þ.sm. þar sem mjög þunn húð af prentlit mun gefa slakari áferð þegar pappírnum er flett af heitum prentlit. Millipurrkun skal fara fram í ofni við 120°C í 15 sek. Ef um fleiri en einn lit er að ræða í prentun skal þurrka hvern lit fyrir sig. Eins og við Cold Peel prentun fer Hot Peel prentun fram í spegilmynd.

Þegar allir litir sem nota á við prentunina eru komnir snerri þurrir á flutnings pappírinn er hægt að flytja myndina yfir á prentgripinn. Það er framkvæmt í hitapressu við 180-190°C. Prentgripnum er komið fyrir á neðri palli hitapressunar, prentmyndin sett ofan á og snýr prentunin niður. Lokið pressunni og gefið flutningnum 15-20 sek. Opnið nú pressuna og sviftið flutningspappírnum strax af prentgripnum. Við þessa aðgerð er best að nota hitapressu þar sem hægt er að færa hitaflötinn til hliðar. Við það að fletta pappírnum strax af heitum prentlitnum myndast mjúkleg skipting litarins. Þessi aðgerð er nokkuð vandasöm og getur kraafist nokkurrar reynslu áður en framleiðslu prentun er hafin.

Með Hot Peel flutningsprentun fæst falleg og mjúk áferð prentlitar, sem líkist mjög beinni silkiprentun á fatnað.